

89. fundur skráningarráðs haldinn 10. febrúar 2015 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 14-16

Fundarmenn: Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir (fundarritari), Rósa S. Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir. Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna.

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

1. Farið var yfir og gengið frá skilgreiningu á hlutverki skráningarráðs Gegnis við innleiðingu RDA. Skjal með skilgreiningunni var vistað inni á [vinnusvæði innleiðingarverkefnisins](#) í Dropbox.
2. Farið var yfir og gengið frá skilgreiningu á hlutverki kerfisteymis við innleiðingu RDA. Sigrún sér um að koma skjali með skilgreiningunni fyrir á réttum stað á vinnusvæði innleiðingarverkefnisins.
3. Röðunarreglur: Ritstjórn HASK barst fyrirspurn um hvort setja mætti inn röðunarreglur í Handbók skrásetjara til að auðvelda bókasöfnum uppröðun á efni með útlenda raðstafi, sbr. **Läckberg** og **Münchhausen**. Erindið var tekið upp hjá skráningarráði. Flettireglur í Gegni gera ekki ráð fyrir sérstakri röðun á útlenska stafi, þ.e.a.s. å, ä, å... raðast allir sem a. Íslenskir broddstafir raðast þó sér. Þetta mætti benda á sem viðmið fyrir þau bókasöfn sem vilja fá leiðbeiningar um röðun. Flest söfn hafa þó líklega þegar röðunarreglur sem eru ekki endilega í samræmi við flettireglur í Gegni. Því er e.t.v. ekki heppilegt að setja fram reglur í HASKinu. Þóra hefur samband við sendanda erindis og skoðar hvort þörf er á að birta e-k viðmiðunarreglur um röðun í HASK.
4. Kóðun á skýrslum og gráu efni: Ræddur var möguleikinn á því að kóða skýrslur og annað grátt efni þannig að hægt sé að greina það frá útgáfu sem kemur út fyrir almenning og er söluvarningur. Þetta er aðallega hugsað fyrir Íslenska útgáfuskrá en gæti verið gagnlegt í víðara samhengi fyrir notendur Gegnis. Best væri að nota svið 039 til að kóða grúa efnið. Það er auðveldara að vinna með 039 en stýrisvið 008. Hildur og Hallfríður skoða möguleika á því að kóða grátt efni í deilivíðum f eða öðrum deilivíðum í 039. Þá er mikilvægt að útbúin sé skilgreining á því hvað telst grátt efni og eigi að kóðast sem slíkt.
5. Bækur.is og svið 856: Hildur kynnti breytingu á textanum sem settur er fram í 856 41\$z þegar tengt er á vefinn Bækur.is. Sumar Gagnisfærslur innihalda tengla í heildartexta bæði á Bækur.is og aðra vefi (t.d. Hathi Trust). Til að auðkenna tengla sem leiða notendur inn á Bækur.is, hefur verið keyrður inn texti í svið 856 41 \$z=Heildartexti – Bækur.is. Þetta stangast á við gildandi [leiðbeiningar skráningarráðs](#) um að þar skuli aðeins standa Heildartexti og ekki skuli setja inn frekari skýringartexta.
6. Önnur mál:
Samlag um WebDewey: Óljóst er hvert á að beina fyrirspurnum varðandi áskrift að WebDewey. Bæta þarf inn upplýsingum í kafla um Dewey flokkun í HASK þar sem koma fram

upplýsingar um landsáskrift og hvert megi hafa samband. Til þess að ekki sé vísað á einstakling er heppilegast að fyrirspurnir fari á netfangið gegnir@landsbokasafn.is

Áskrift að RDA Toolkit: Sveinbjörg Sveinsd. framkvæmdastjóri Landskerfis kynnti fyrstu tölur varðandi áskrift að RDA Toolkit á landsvísu. Líklega verður samið um 20 samtímanotendur. Sveinbjörg verður í sambandi við Magnhildi Magnúsd. verkefnisstjóra RDA innleiðingarinnar varðandi það sem tengist áskrift að vefnum.

Næsti fundur var ákveðinn fimmtudaginn 12. mars kl. 9-11.